



# 313 Sjúkdómatrygging

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### 1. Grundvöllur váttryggingarsamnings og skilgreiningar.

- 1.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, váttryggingarskírteini, umsókn eða öðrum gögnum, sem váttryggingarsamningurinn byggir á, bæði við upprunalega gerð hans eða síðar, gilda um hann lög nr. (númer) 30/2004 um váttryggingarsamninga.
- 1.2 Í skilmálum þessum hafa eftirtalin hugtök eftirfarandi merkingu:
  - a. **félagið**, TM líftryggingar hf.,
  - b. **váttryggingartaki**, sá sem gerir samning við félagið um sjúkdómatryggingu,
  - c. **váttryggður**, sá maður hvers heilsu sjúkdómatryggingin tekur til,
  - d. **váttryggingaratburður**, atvik sem samkvæmt váttryggingunni veldur því að til greiðslu bóta getur komið,
  - e. **váttryggingarfjárhæð**, sú fjárhæð sem greidd er út við váttryggingaratburð.

### 2. Gildistími váttryggingarinnar, upphaf og lok ábyrgðar félagsins.

- 2.1 Hafi ekki verið óskað eftir að váttryggingin taki gildi á síðara tímamarki hefst ábyrgð félagsins þegar það hefur móttengið skriflega umsókn um váttrygginguna en þó ávallt að því tilskildu að umsókninni verði ekki hafnað á grundvelli upplýsinga um áhættuna (áhættumats). Ábyrgð félagsins tekur heldur ekki til tjóns af völdum atvika sem höfðu gerst við móttöku umsóknarinnar og félagið hefði fengið vitneskju um við framkvæmd áhættumats og leitt hefðu til þess að váttryggingunni hefði verið hafnað.
- 2.2 Váttryggingin endurnýjast árlega til 70 ára aldurs váttryggðs og fellur endanlega úr gildi á lokadegi þeim sem tilgreindur er í skírteininu, nema að váttryggingin hafi áður fallið niður samkvæmt heimild í lögum eða skilmálum þessum.

### 3. Uppsagnarréttur váttryggingartaka.

- 3.1 Váttryggingartaki getur sagt váttryggingunni upp hvenær sem er á gildistíma hennar og skal uppsögnin tilkynnt félaginu með skriflegum hætti.
- 3.2 Váttryggingartaki skal greiða iðgjald fyrir það tímabil sem váttryggingin var í gildi. Reiknast þá iðgjald hlutfallslega.

### 4. Landfræðileg mörk.

- 4.1 Váttryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

### 5. Það sem váttrygging bætir.

- 5.1 Sjúkdómar, aðgerðir og önnur tilvik sem váttryggingin tekur til er skipt í fimm bótaflokka eins og hér greinir, sbr. (samanber) og 7. gr. (grein):
  - Bótaflokkur 1 – Krabbamein og góðkynja æxli í heila og mænu,**
  - Bótaflokkur 2 – Hjarta- og æðasjúkdómar,**
  - Bótaflokkur 3 – Tauga- og hrörnunarsjúkdómar,**
  - Bótaflokkur 4 – Blinda, heyrnaleyfi, málmissir og fleira,**
  - Bótaflokkur 5 – Aðrir alvarlegir sjúkdómar og slys.**
- 5.2 Félagið greiðir váttryggðum bætur ef váttryggingaratburður er staðfestur á gildistíma váttryggingarinnar. Váttryggingaratburður telst einungis verða, ef váttryggður greinist með einhvern þeirra sjúkdóma, gengst undir einhverja þeirra aðgerða eða hann hendi eitthvert þeirra tilvika sem talin eru upp og skilgreind í 7. gr. Eftir að váttryggingin er fallin úr gildi er engin bótaskylda til staðar þó leiða megi líkur að sjúkdómur hafi verið til staðar meðan váttryggingin var í gildi.
- 5.3 Skilyrði bótaskyldu úr váttryggingunni er að sérfræðilæknir á viðkomandi sviði hafi staðfest sjúkdómsgreiningu, aðgerð eða annað tilvik sem váttryggingin tekur til en nánar getur verið kveðið á um það í 7. gr. Félaginu er heimilt að láta sérfræðilækni yfirfara fyrirbyggjandi lækisfræðileg gögn og/eða skoða



# 313 Sjúkdómatrygging

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

vátryggðan til að staðfesta sjúkdómsgreiningu, aðgerð eða annað tilvik sem vátryggingin tekur til. Félagið greiðir fyrir nauðsynlegt vottorð og álitsgerðir.

5.4 Bætur greiðast einungis einu sinni úr hverjum bótaflokki samkvæmt 7. gr. Hafi bætur verið greiddar úr einum bótaflokki er það skilyrði fyrir bótaskyldu úr öðrum bótaflokki að meiri en þrjú mánuðir séu á milli fyrri og síðari vátryggingaratburðar. Þegar félagið hefur greitt bætur vegna vátryggingaratburðar úr öllum fimm bótaflokkum vátryggingarinnar fellur vátrygging úr gildi.

### 6. Það sem vátryggingin bætir ekki.

6.1 Aðrir sjúkdómar, aðgerðir og tilvik en þau sem talin eru upp sem bótaskyld í 7. gr. eru ekki bótaskyld samkvæmt vátryggingu þessari.

6.2 Félagið greiðir ekki bætur ef vátryggður andast innan þrjátíu daga frá því að greining á sjúkdómi er staðfest eða annar vátryggingaratburður orðið sem talin eru upp og skilgreind í 7. gr.

### 7. Sjúkdómar og tilvik sem vátrygging tekur til. Bótaflokkar.

#### Bótaflokkur 1 – Krabbamein og góðkynja æxli í heila og mænu:

#### 1.a. Krabbamein.

Illkynja æxli sem einkennist af stjórnlausum ífarandi vexti og útbreiðslu í vef, ásamt illkynja eitlakrabbameini og illkynja beinmergskrabbameini, þar með talið hvítblæði. Það er skilyrði að sjúkdómstilvikið hafi verið greint af sérfræðingi í krabbameinslækningum með vefjagreiningu.

Undanskilið greiðslu úr vátryggingunni er:

- krabbamein sem greinist á fyrstu þremur mánuðum eftir töku vátryggingarinnar eða við endurupptöku hennar. Þessi takmörkun gildir þó ekki hafi vátryggður haft sams konar vátryggingu hjá öðru félagi sem sagt er upp samhliða því að vátryggingin þessi tekur gildi,
- staðbundið krabbamein (CIN, TIS), rangvöxtur (dysplasia), blöðrur (cysts), góðkynja æxli, og öll forstigeinkenni krabbameins (pre-malignant tumors),
- krabbamein í skjaldkirtli með stigun minni en T2N0M0 samkvæmt TNM-stigunarkerfi,
- grunnfrumu- og flöguþekjukrabbamein í húð, húðeitolfrumukrabbamein (dermatofibrosarcoma), sarkmeið og sortuæxli á stigi 1A (T1aN0M0) samkvæmt TNM-stigunarkerfi,
- krabbamein í blöðruhálskirtli, sem er minna en 7 stig á Gleason kvarða eða stigun sem er minni en T2bN0M0 samkvæmt TNM-stigunarkerfi,
- krabbamein í þvágblöðru með stigun minni en T1bN0M0 samkvæmt TNM-stigunarkerfi,
- stromaæxli í meltingarvegi (GIST) og taugainnkirtlaæxli (neuroendocrine tumor) sem flokkast minna en 2 WHO-stig nema æxlið hafi dreift sér í eitla eða komin séu meinvörp,
- krabbamein greind á grundvelli þess að æxlisfrumur og/eða æxlistengdar sameindir eða gildi finnast í blóði, munnvatni, hægðum, þvagi eða öðrum líkamsvessum án þess að um sé að ræða frekari óyggjandi klínísk gögn sem hægt er að sannprófa.

#### 1.b. Góðkynja heilaæxli.

Æxli, sem er ekki illkynja og á upptök sín í heila, heilataugum eða heilahimnu. Heilaæxli innan höfuðkúpunnar sem ekki eru illkynja.

Það er skilyrði að greining á sjúkdómstilviki hafi verið staðfest af sérfræðingi í taugalækningum.

Undanskilið greiðslu úr vátryggingunni er:

- blöðrur (cysts),
- hnúðar (granulomas),
- æxli í heiladingli,
- sýkingar (abscesses),
- margúll (heatomas),
- æðaæxli (angiomas),
- hyrnifituhnúður (cholesteatomas),
- traumatic neuromas,
- æxli með uppruna í beinmerg.



# 313 Sjúkdómatrygging

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### 1.c. Góðkynja æxli í mænu.

Æxli, sem er ekki illkynja og á upptök sín í mænu.

Það er skilyrði að greining á sjúkdómstilviki hafi verið staðfest af sérfræðing í taugalækningum.

Undanskilið greiðslu úr váttryggingunni er:

- blöðrur (cysts),
- hnúðar (granulomas),
- sýkingar (abscesses),
- margúll (hematomas),
- æðaæxli (angiomas),
- hrynifituhnúður (cholesteatomas),
- traumatic neuromas,
- æxli með uppruna í beinmerg.

### 1.d. Beinmergsflutningur.

Váttryggður gengst undir uppskurð sem þegi á beinmerg frá annarri manneskju.

## Bótaflokkur 2 – Hjarta- og æðasjúkdómar:

### 2.a. Hjartaáfall/kransæðastífla.

Drep í hluta hjartavöðvans sem afleiðing ónógs blóðflæðis (blóðþurrðar). Það er skilyrði að greining sjúkdómstilviks sýni hækkun á hjartaensímum í blóði (TNT eða CKMB) eða lækkun (TNI) auk a.m.k. (að minnsta kosti) tveggja eftirfarandi atriða:

- bráð einkenni hjartaáfalls, svo sem brjóstverkur,
- nýjar breytingar á hjartalínuriti (EKG) sem eru einkennandi fyrir brátt hjartadrep (acute myocardial infarction),
- myndgreining sem sýnir nýtt drep í hjartavöðva (loss of viable myocardium) eða afbrigðilegar svæðisbundnar veggþreytingar (regional wall motion abnormality).

Skilyrði er að sjúkdómshgreiningin sé staðfest af sérfræðingi í hjartalækningum.

Undanskilið greiðslu úr váttryggingunni er:

- stöðug eða óstöðug hjartaöng (angina pectoris),
- önnur bráð kransæðatilfelli (acute coronary syndrome),
- hjartavöðvaskaði svo sem hjartavöðvabólga (myocarditis) og gollurshússbólga (pericarditis).

### 2.b. Kransæðaskurðaðgerð.

Váttryggður gengst undir opna hjartaskurðaðgerð að ráði sérfræðings í hjartalækningum þar sem æðagræðingur er tengdur framhá þrengslum í einni eða fleiri kransæðum.

Undanskilið greiðslu úr váttryggingunni er:

- aðrar aðgerðir svo sem kransæðavíkkun eða blásning (angioplasty),
- aðgerðir með leysitækni (laser).

### 2.c. Hjartalokuaðgerð.

Opin hjartaskurðaðgerð að ráði sérfræðings í hjartalækningum þar sem gerviloku er komið fyrir í stað einnar eða fleiri hjartaloku eða óeðlileg loka er lagfærð.

### 2.d. Skurðaðgerð á ósæð.

Váttryggður gengst undir skurðaðgerð að ráði sérfræðings í hjartalækningum til að laga þrengsli, stíflu, ósæðagúl eða flysjun (dissection) á ósæð í brjóst- eða kviðarholi.

Undanskilið greiðslu úr váttryggingunni:

- aðrar aðgerðir, svo sem innsetning á stoðneti eða EVAR (endovascular aortic repair),
- aðgerð vegna áverka á ósæð af völdum slyss.

### 2.e. Heilablóðfall (stroke).

Drep í heilavef í kjölfar blóðþurrðar (blóðsega) eða blæðingar í höfuðkúpu. Það er skilyrði að greining sjúkdómstilviks, sem staðfest skal af sérfræðingi í taugalækningum, sýni eftirfarandi þrjú atriði:

- skyndileg ný taugaeinkenni sem eru lýsandi fyrir heilablóðfall,
- ný hlutlæg taugaeinkenni sem koma fram við klíniska skoðun og vara samfellt í a.m.k. 60 daga í kjölfar greiningar á heilablóðfalli,
- nýjar breytingar á tölvusneiðmynd eða segulómun, ef þær eru framkvæmdar, í samræmi við klínisku greininguna.



# 313 Sjúkdómatrygging

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

Undanskilið greiðslu úr váttryggingunni er:

- skammvinnt blóðþurrðarkast í heila (TIA),
- áverki á heilavef, heilaæðum eða blæðing í höfuðkúpu af völdum slyss,
- drep í vef sjóntaugar eða sjónhimnu,
- blæðing í heilaskemmdum sem þegar eru til staðar (secondary haemorrhage into a pre-existing cerebral lesion),
- breytingar á sneiðmynd eða segulómun á höfði sem finnast fyrir tilviljun án greinilegra tengdra klínískra einkenna.

### 2.f. Meiriháttar líffæraflutningar – Hjarta, lungu, nýra og bris.

Váttryggður gengst undir uppskurð sem þegi á hjarta, lungu, briskirtli eða nýra frá annarri manneskju.

### 2.g. Nýrnabilun.

Lokastig nýrnabilunar sem einkennist af langvinnri varanlegri bilun á starfsemi beggja nýrna og leiðir annað hvort til reglubundinnar blóðskilunar eða kviðskilunar.

Undanskilið greiðslu úr váttryggingunni er bráð, afturkræf nýrnabilun sem krefst tímabundinnar nýrnaskilunar.

## Bótaflokkur 3 – Tauga- og hrörnunarsjúkdómar:

### 3.a. MS (Heila- og mænusigg).

Ótvíræð og afdráttarlaus greining MS sjúkdóms samkvæmt 2017 McDonalds MS greiningarviðmiðum, staðfest af sérfræðingi í taugalækningum. Hlutlæg klínísk skerðing á hreyfi- eða skynfærum verður að hafa verið til staðar samfelt í a.m.k 6 mánuði.

Undanskilið greiðslu úr váttryggingunni er grunur um MS sjúkdóm og einangruð einkenni frá taugakerfi sem geta bent til MS sjúkdóms en uppfylla ekki 2017 McDonalds MS greiningarviðmið.

### 3.b. MND.

Ótvítræð og afdráttarlaus greining einhvers af neðangreindum MND sjúkdómum, staðfest af sérfræðingi í taugalækningum:

- Amyotrophic Lateral Sclerosis (ALS),
- Primary Lateral Sclerosis (PLS),
- Progressive Muscular Atrophy (PMA),
- Progressive Bulbar Palsy (PBP),
- Spinal Muscular Atrophy (SMA).

### 3.c. Alzheimersjúkdómur.

Ótvíræð greining á Alzheimersjúkdómnum sem staðfest er af sérfræðingi í öldrunarlækningum og/eða taugalækningum, fyrir sextíu ára afmælisdag váttryggðs með viðeigandi rannsóknum, athugunum og mati á sjúkdómseinkennum. Skilyrði að sjúkdómurinn muni leiða til þess að váttryggður þarfnast stöðugs eftirlits og aðstoðar við athafnir daglegs lífs.

### 3.d. Parkinsonsjúkdómur.

Ótvíræð greining sérfræðings í taugalækningum á Parkinsonsjúkdómnum af óþekktum ástæðum (idiopathic), fyrir sextíu ára afmælisdag váttryggðs.

Undanskilið greiðslu úr váttryggingunni eru allar aðrar tegundir Parkinsonsjúkdóms.

### 3.e. Lömun vegna sjúkdóms í heila og mænu.

Algjört og varanlegt tap á vöðvavirkni tveggja eða fleiri útlíma vegna sjúkdóms í heila eða mænu. Það er skilyrði að greining sé skilgreind sem tvílömun, helfarlömun eða ferlömun og staðfest af sérfræðingi í taugalækningum.

Undanskilið greiðslu úr váttryggingunni er lömun sem rekja má til:

- krabbameins,
- góðkynja æxlis í heila og/eða mænu,
- heilablóðfalls (stroke).



# 313 Sjúkdómatrygging

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### Bótaflokkur 4 – Blinda, heyrnaleysi, málmissir og fleira:

- 4.a. Blinda.**  
Alger og varanlegur missir sjónar á báðum augum, sem ekki er hægt að bæta með laseraðgerð, lyfjagjöf eða skurðaðgerð, en þessi atriði skulu staðfest af sérfræðingi í augnlækningum.
- 4.b. Heyrnaleysi.**  
Varanlegur og óafturkallanlegur heyrnarmissir að svo miklu leyti sem heyrnarmissir er yfir 80 desíbel á öllum tíðnisviðum þess eyra þar sem heyrn er betri með því að nota heyrnarrit úr heyrnarmælingu með hreinum tón. Jafnframt er skilyrði að ekki á að vera hægt að lækna heyrnaleysið eftir læknisfræðilegum aðferðum. Greining skal staðfest af sérfræðingi á sviði háls-, nef- og eyrnalækninga.
- 4.c. Málmissir.**  
Ótvíræð greining algers og varanlegs málmissis vegna sjúkdóms eða slyss. Greining skal staðfest af sérfræðingi í taugalækningum eða háls-, nef- og eyrnalækni.
- 4.d. Heilahimnubólga af völdum bakteríusýkingar.**  
Bólga í heilahimnu eða í mænu sem leiðir til umtalsverðrar og varanlegrar skerðingar á taugastarfsemi og staðfest hefur verið af sérfræðingi í taugasjúkdómum. Það er skilyrði að bakteríusýking í heila- og mænuvökva sé staðfest með mænustunguaðgerð.
- 4.e. Alvarlegur höfuðáverki.**  
Ótvíræð og afdráttarlaus greining skertrar heilastarfsemi í kjölfar alvarlegs höfuðáverka af völdum slyss sem veldur því að váttryggður er varanlega ófær um að framkvæma án aðstoðar þrjár eða fleiri eftirfarandi athafnir daglegs lífs (ADL) enda hafi það ástand varað í a.m.k. þrjá mánuði:
- baða sig,
  - klæðast og afklæðast,
  - komast á milli herbergja,
  - flytja sig á milli rúms og stóls,
  - borða,
  - hafa stjórn á hægðum og þvaglátum.
- Sérfræðingur í taugalækningum skal staðfesta greiningu, sem skal studd niðurstöðum myndrannsókna, til dæmis segulóm skoðun og/eða tölvusneiðmynd.  
Sé höfuðáverka að rekja til sjálfskaða ber félagið ekki ábyrgð sbr. 1. mgr. 89. gr. laga um váttryggingarsamninga.
- 4.f. Lömun vegna slyss.**  
Algjört og varanlegt tap á vöðvavirkni tveggja eða fleiri útlíma vegna slyss. Það er skilyrði að greining sé skilgreind sem tvílömun, helftarlömun eða ferlömun og staðfest af sérfræðingi í taugalækningum.

### Bótaflokkur 5 – Aðrir alvarlegir sjúkdómar og slyss:

- 5.a. Útlímamissir.**  
Varanlegur missir tveggja eða fleiri útlíma ofan úlnliðs eða ökkllaliðs vegna slyss eða sjúkdóms. Sé útlímamissi að rekja til sjálfskaða ber félagið ekki ábyrgð sbr. 1. mgr. 89. gr. laga um váttryggingarsamninga.
- 5.b. Alvarleg brunasár.**  
Þriðja stigs brunasár sem þekja a.m.k. 20% af yfirborði líkama váttryggðs, staðfest af sérfræðingi í húðlækningum eða lýtalækni.  
Sé brunasár að rekja til sjálfskaða ber félagið ekki ábyrgð sbr. 1. mgr. 89. gr. laga um váttryggingarsamninga.
- 5.c. Eyðnismit.**  
Váttryggður smitast af HIV (eyðniveiru) eða greinist með alnæmi (AIDS) og rekja má orsök þess til einhvers af eftirfarandi atvikum:
- blóðgjafar sem þátt í læknismeðferð,
  - líkamsárásar sem váttryggður verður fyrir,
  - atviks sem váttryggður verður fyrir í starfi sínu sem starfsmaður í heilbrigðisþjónustu eða slökkviliðs, sjúkraflutninga- eða lögreglumaður.



# 313 Sjúkdómatrygging

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

Atvik það sem orsakar smit skal hafa átt sér stað á gildistíma váttryggingarinnar og hafa átt sér stað á Íslandi. Í öllum tilvikum er það skilyrði að atvikið verður að hafa verið tilkynnt til viðkomandi yfirvalda og rannsókn þess verður að hafa verið framkvæmd með viðurkenndum aðferðum.

Í tilvikum b- og c-liðar er jafnframt skilyrði að leggja verður fram neikvæða niðurstöðu úr HIV-mótefnaprófi, sem farið hefur fram innan 5 daga frá því að atvikið átti sér stað. Einnig verður að fara fram annað HIV mótefnapróf innan 12 mánaða, sem staðfestir að eyðniveiran (HIV) hafi komið fram eða að HIV-mótefni séu til staðar.

Undanskilið greiðslu úr váttryggingunni er HIV-smit sem stafa af öðrum orsökum, þar á meðal kynferðislegum athöfnum eða sem verða við notkun ávana- og fíkniefna.

### 5.d. Meiriháttar líffæraflutningur – Lifur.

Váttryggður gengst undir uppskurð sem þegi á lifur úr annarri manneskju.

## 8. Barnasjúkdómatrygging.

8.1 Félagið greiðir váttryggðum bætur vegna váttryggingaratburðar sem börn hans 3ja mánaða til 18 ára gömul, verða fyrir á gildistíma váttryggingarinnar. Einnig greiðir félagið bætur samkvæmt sömu skilgreiningu vegna fósturbarna og stjúpbarna váttryggðs, sem eiga lögheimili og búa á sama stað og váttryggður. Váttryggingaratburður telst einungis verða ef barn greinist með einhvern þeirra sjúkdóma, gengst undir einhverja þeirra aðgerða eða það hendi eitthvert þeirra tilvika sem talin eru upp og skilgreind í 7. gr.

8.2 Bætur úr barnasjúkdómatryggingu eru 50% af váttryggingarfjárhæð váttryggðs, en þó að hámarki 16.000.000 krónur vegna hvers barns. Bætur vegna sama barns geta aldrei orðið hærrí jafnvel þótt í gildi séu hjá félaginu fleiri en ein sjúkdómatrygging sem váttryggingaratburðurinn fellur undir. Greiðast bætur þá til váttryggðs sem hlutfall af framangreindum hámarksbótum miðað váttryggingarfjárhæðir þeirra sjúkdómatrygginga sem eru hjá félaginu.

8.3 Greiðslur bóta úr váttryggingunni vegna barna, fósturbarna og stjúpbarna váttryggðs hafa hvorki áhrif á váttryggingarfjárhæð né gildi sjúkdómatryggingarinnar.

8.4 Bætur eru ekki greiddar vegna:

- a. barna, fósturbarna eða stjúpbarna váttryggðs, nema bótaskyldur sjúkdómur greinist á gildistíma váttryggingarinnar. Greinist sjúkdómur eftir að váttrygging hefur fallið úr gildi er engin bótaskylda til staðar þó leiða mætti líkur að því að sjúkdómur hafi verið til staðar meðan váttryggingin var í gildi,
- b. sjúkdóma eða aðgerða sem sannanlega má rekja, beint eða óbeint, til ástands barns fyrir aldursmörk samkvæmt gr. 8.1 eða fyrir töku tryggingarinnar,
- c. ættleiddra barna ef hægt er að rekja orsakir sjúkdóms eða aðgerðar til ástands barns áður en það var ættleitt. Sama gildir um stjúpbörn og fósturbörn.

8.5 Félagið greiðir ekki bætur ef barnið andast innan þrjátíu daga frá því að greining sjúkdóms er staðfest eða váttryggingaratburður samkvæmt 7. gr. hefur orðið.

8.6 Nánar um greiðslur bóta, bótasvið og takmarkanir á bótaskyldu vísast til greina 5., 6. og 7. gr. eftir því sem þær eiga við.

## 9. Greiðsla iðgjalds.

9.1 Fyrsta iðgjald fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist og síðari á þeim gjalddaga sem þá er tilgreindur. Félagið sendir váttryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send.

9.2 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur samkvæmt gr. 9.1 er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörun þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga ella fellur váttryggingin niður sé iðgjaldið þá enn ógreitt.

9.3 Hafi váttryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur samkvæmt gr. 9.2 rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.

9.4 Krafa um greiðslu iðgjalds er send í netbanka váttryggingartaka nema váttryggingartaki hafi samið við félagið um annan greiðsluhátt.

9.5 Falli váttrygging niður samkvæmt gr. 9.2 skal váttryggingartaki engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem váttryggingin var í gildi. Reiknast þá iðgjald hlutfallslega.



# 313 Sjúkdómatrygging

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

9.6 Við innheimtu iðgjalds er félaginu heimilt að innheimta sérstakt gjald, sem nánar skal tilgreint í iðgjaldaskrá til að standa straum af kostnaði við innheimtu iðgjaldsins. Þess skal einnig getið sérstaklega í tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins.

### 10. Breyting váttryggingarfjárhæðar og iðgjalds.

10.1 Váttryggingarfjárhæð kemur í upphafi fram á váttryggingarskírteininu og síðar á því endurnýjunarskírteini sem í gildi er á hverjum tíma. Á skírteininu kemur jafnframt fram hvort váttryggingarfjárhæðin breytist með aldri váttryggðs.

10.2 Taki váttryggingarfjárhæðin breytingu með aldri er einnig skráð á skírteinið við hvaða aldur váttryggðs breytingin miðast og lækkar þá váttryggingarfjárhæðin árlega frá þeim tíma við upphaf fyrsta dags hvers tryggingarárs. Útreikningur lækkunar miðar að því að iðgjald haldist óbreytt að raunvirði milli ára, en fram að því er iðgjald váttryggingarinnar háð aldri váttryggðs og breytist árlega við endurnýjun með hækkandi aldri váttryggðs.

10.3 Taki váttryggingarfjárhæðin ekki breytingu með aldri er iðgjaldið háð aldri váttryggðs og breytist árlega við endurnýjun með hækkandi aldri váttryggðs.

10.4 Við endurnýjun í upphafi hvers tryggingarárs breytist váttryggingarfjárhæðin og iðgjald í réttu hlutfalli við þá breytingu sem orðið á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá grunnvísitölu sjúkdómatryggingarinnar, sem skráð er á skírteinið, til vísitölunnar í næsta mánuði á undan endurnýjuninni. Lækkun vísitölunnar hefur ekki áhrif til lækkunar, hvorki á iðgjaldið né váttryggingarfjárhæðina.

### 11. Upplýsingaskylda váttryggingartaka, váttryggðs eða þess sem gerir bótakröfu og afleiðingar vanrækslu á upplýsingagjöf.

11.1 Við gerð eða breytingar á váttryggingarsamningi getur félagið óskað eftir upplýsingum sem haft geta þýðingu fyrir mat þess á áhættu. Váttryggingartaki eða eftir atvikum váttryggður skal veita rétt og tæmandi svör við spurningum félagsins. Váttryggingartaki, og eftir atvikum váttryggður, skal einnig að eigin frumkvæði veita upplýsingar um sérstök atvik, sem hann veit eða má vita, að hafi verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu við gerð eða breytingar á váttryggingarsamningnum, sbr. 82. gr. laga um váttryggingarsamninga.

11.2 Nú verður félaginu ljóst að upplýsingaskylda samkvæmt gr. 11.1 hefur verið vænrækt og sú vanræksla váttryggingartaka eða váttryggðs telst ekki óveruleg og getur það þá sagt upp váttryggingunni með 14 daga fyrirvara sbr. 84. gr. váttryggingasamningalaga. Hafi upplýsingagjöf samkvæmt gr. 11.1 hins vegar verið vanrækt með sviksamlegum hætti er félaginu heimilt að segja váttryggingunni upp, svo og öðrum váttryggingarsamningum váttryggingartaka á váttryggingartímanum án fyrirvara.

11.3 Hafi váttryggingaratburður orðið og upplýsingaskylda samkvæmt gr. 11.1 verið vanrækt með sviksamlegum hætti ber félagið ekki ábyrgð. Hafi váttryggingartaki eða váttryggður ella vanrækt upplýsingaskyldu sína samkvæmt gr. 11.1 með þeim hætti að ekki telst óverulegt er félaginu heimilt að fella niður ábyrgð í heild eða hluta, sbr. 83. gr. laga um váttryggingarsamninga.

11.4 Váttryggður skal við uppgjör bóta veita félaginu þær upplýsingar og þau gögn sem hann hefur undir höndum og félagið þarf til að meta ábyrgð sína og greiða bætur.

11.5 Veiti váttryggður rangar upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til fellur bótaréttur hans niður og félagið getur sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við viðkomandi eins og nánar greinir í 120. gr. váttryggingarsamningalaga.

11.6 Nú er váttryggingarsamningi slitið samkvæmt þessu ákvæði og greiðist iðgjald fyrir það tímabil sem váttryggingin var í gildi. Reiknast iðgjaldið þá hlutfallslega.

### 12. Tilkynning um váttryggingaratburð. Frestur til að tilkynna um tjón.

12.1 Nú hefur váttryggingaratburður orðið og skal sá sem telur sig eiga rétt á greiðslu úr váttryggingunni skýra félaginu frá því án ástæðulauss dráttar.

12.2 Sé tilkynningarskylda þessi vanrækt af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi sem er þess valdandi að félagið getur ekki rannsakað tildrög váttryggingaratburðar er því heimilt að lækka eða fella niður ábyrgð sína.

12.3 Váttryggður glatar rétti sínum til bóta ef hann tilkynnir ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á.



# 313 Sjúkdómatrygging

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### 13. Greiðsla bóta og vextir. Skuldajöfnun. Fyrning.

- 13.1 Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra upplýsinga sem þörf var á til að meta ábyrgð sína.
- 13.2 Fullar bætur nema váttryggingarfjárhæðinni samkvæmt váttryggingar- eða endurnýjunarskírteini sem í gildi er þegar váttryggingaratburður varð. Váttryggður á rétt á vöxtum af kröfu sinni samkvæmt 123. gr. laga um váttryggingarsamninga.
- 13.3 Félagið hefur heimild til að skuldajafna vangoldnum iðgjöldum gegn váttryggingarbótum sem því ber að greiða samkvæmt 122. gr. laga um váttryggingarsamninga.
- 13.4 Krafa um bætur úr váttryggingunni fyrnist samkvæmt reglum 125. gr. laga um váttryggingarsamninga.

### 14. Réttur til hækkunar á váttryggingarfjárhæð án yfirlýsingar um heilsufar.

- 14.1 Váttryggður getur óskað skriflega eftir hækkun á váttryggingarfjárhæðinni á gildistíma váttryggingarinnar, án frekari upplýsinga um heilsufar sitt, innan sex mánaða frá því að hann:
  - a. eignast barn,
  - b. ættleiðir barn sem er yngra en 18 ára eða
  - c. kaupir sér íbúðarhúsnæði.
- 14.2 Réttur samkvæmt gr. 14.1 er ekki fyrir hendi ef:
  - a. iðgjald fyrir sjúkdómatrygginguna er ákvarðað með álagi á grundvelli áhættumats,
  - b. tilkall hefur verið gert til bóta samkvæmt 5. gr. eða ef váttryggður hefur greinst með einhvern þann sjúkdóma, gengist undir einhverja þeirra aðgerða eða hann hent eitthvert þeirra tilvika sem skilgreind er í 7. gr.,
  - c. váttryggður bíður aðgerðar sem skilgreind er í 7. gr. eða hefur slasast alvarlega á samningstímanum,
  - d. váttryggður nýtur iðgjaldsfrelsis samkvæmt 15. gr.,
  - e. váttryggður er 45 ára eða eldri þegar beiðni samkvæmt gr. 14.1 berst félaginu.
- 14.3 Váttryggingarfjárhæðin getur að hámarki hækkað um 4.000.000 kr. við hvern atburð samkvæmt gr. 14.1 en þó þannig að hún verði ekki hærrí en 25.000.000 krónur.
- 14.4 Iðgjald váttryggingarinnar hækkar í samræmi við hækkun váttryggingarfjárhæðarinnar samkvæmt iðgjaldaskrá félagsins. Hækkunin tekur gildi þegar félagið hefur sent váttryggingartaka skírteini til staðfestingar á hækkun ásamt kröfu um iðgjald.

### 15. Iðgjaldafrelsi.

- 15.1 Missi váttryggður að minnsta kosti helming starfsorku sinnar á gildistíma váttryggingarinnar, vegna slyss eða sjúkdóms öðlast hann rétt til hlutfallslegrar lækkunar iðgjalda meðan það ástand varir, að hámarki í sjö ár, en þó aldrei lengur en að 65 ára aldri.
- 15.2 Váttryggður öðlast ekki rétt til iðgjaldafrelsis:
  - a. fyrr en að liðnum þremur mánuðum frá því tímarmarki sem starfsorka hans er metin hafa skerst um að minnsta kosti helming,
  - b. ef starfsorkuskerðing er af völdum sjúkdóms eða tilviks sem fellur undir 7. grein þessara skilmála,
  - c. fyrir lengra tímabil en eitt ár aftur í tímann áður en beiðni um iðgjaldafrelsi barst félaginu,
  - d. vegna sjúkdóma sem voru fyrir hendi eða sýnt höfðu einkenni fyrir gildistöku tryggingarinnar, né vegna afleiðinga slyss sem orðið hafði fyrir gildistöku tryggingarinnar,
  - e. ef orsök starfsorkumissisins er af völdum styrjaldar, hernaðaraðgerða, óeirða, uppreisna eða svipaðra atvika,
  - f. ef orsök starfsorkumissisins er misnotkun áfengis, fíkniefna, lyfja eða eitrefna, eða þátttaka í refsiverðum verknaði.
- 15.3 Beiðni um iðgjaldafrelsi skal vera skrifleg á eyðublaði félagsins. Til grundvallar mati sínu á starfsorkumissi leggur félagið hæfni hins váttryggða til að gegna sínu venjulega starfi og möguleikum til að gegna öðrum störfum. Í þeim tilgangi getur félagið farið fram á að aflað verði nauðsynlegra gagna, svo sem læknavottorða, upplýsingar um atvinnutekjur og fyrirliggjandi örorkumöt frá opinberum tryggingastofnunum,



# 313 Sjúkdómatrygging

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

Ílfeyrissjóðum eða váttryggingafélögum félaginu að kostnaðarlausu. Félagið tilkynnir váttryggðum með sannanlegum hætti um ákvörðun sína um iðgjaldafrelsi og sé það veitt, hver lækkunin er og til hve langs tíma.

- 15.4 Hafi iðgjaldafrelsi verið veitt er váttryggðum skylt að tilkynna félaginu strax og hann endurheimtir starfsorku sína að hluta eða fullu. Á meðan iðgjaldsfrelsis nýtur við getur félagið ávallt krafist nauðsynlegra gagna samkvæmt gr. 15.3, á kostnað félagsins. Ákvæði 11. gr. um rangar upplýsinga gilda einnig um iðgjaldafrelsi, eftir því sem við á.

### 16. Breyting á iðgjaldsgrundvelli.

- 16.1 Félagið áskilur sér rétt til breytinga á iðgjaldi samkvæmt nýrri iðgjaldaskrá ef almenn áhættuaukning verður eða almennar forsendur váttryggingarinnar reynast aðrar en áður var áætlað.

### 17. Meðferð ágreiningsmála. Varnarþing.

- 17.1 Ágreiningi varðandi bótaskyldu félagsins og öðrum ágreiningi er varðar ákvæði laga um váttryggingarsamninga má skjóta til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum í samræmi við samþykktir nefndarinnar hverju sinni. Nánari upplýsingar um nefndina og málskot til hennar má nálgast á nefndir.is og hjá félaginu.
- 17.2 Þrátt fyrir úrræði gr. 17.1 er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla, sem skera skulu úr ágreiningi samkvæmt íslenskum lögum nema annað leiði af þjóðréttarskuldbindinum sem Ísland er bundið af.
- 17.4 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af váttryggingu þessari skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Félaginu er þó heimilt að höfða mál út af váttryggingunni á heimilsvarnarþingi váttryggingartaka.

Skilmálar þessir gilda frá 15. apríl 2026.